

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 14

Dags. 3.12.2013

FUNDARGERÐ

Fundur í brunav.nefnd Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar þann 3. desember kl. 17:00 í slökkvistiðinni á Kvíhólsmýri. Mætt voru: Arnór Benónýsson, Hólmgeir Hallgrímsson, Lárus Björnsson, Bjarni Höskuldsson og Helga A. Erlingsdóttir.

Arnór setti fund og gengið var til dagskrár.

1) Fjárhagsáætlun 2013. Farið yfir drög af fjárhagsáætlun. Almenn hækkun er um 4,7% samkv. verðlagsþróun, auk þess þarf að hækka launalið vegna launa varaslökkviliðsstjóra og aukinna vakta vegna björgunarklippa sem nefndin leggur til að sveitarfélögin kaupi á næsta ári. Klippurnar notist til að bjarga fólki úr bílflökum þegar slys verða. Björgunarklippurnar eru nauðsynlegt öryggistæki og það er orðið lögboðið hlutverk slökkviliða að sinna þeirri þjónustu. Bent er á að nefndin leggur ekki til hækkun á upphæð til tækjakaupa frá fyrra. ári en áherslan verði lögð á kaupin á klippunum. Gert er ráð fyrir að greiðslu fyrir björgunarklippurnar verði dreift á tvö ár.

Nefndin samþykkir drögin að fjárhagsáætlunin fyrir sitt leyti.

2) Önnur mál. Slökkviliðstjóri hefur leitað tilboða í meira prófs námskeið fyrir slökkviliðsmenn í samvinnu við slökkvilið Norðurþings. Ef næg þátttaka fæst er stefnt á námskeið síðla vetrar.

Fleira rætt en ekki bókað. Fundi slitið kl. 18:20